

2. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn á skrifstofu Ásahrepps mánudaginn 26. júní 2018 kl. 08:30.

Mættir voru Ásta B. Ólafsdóttir, Brynja Jóna Jónasdóttir, Guðmundur Gíslason, Elín Grétarsdóttir og Ágústa Guðmarsdóttir.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Guðmundur Gíslason.

Ásta B. Ólafsdóttir, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Síðan leitaði hún afbrigða að bæta við undirliðum: SASS og stjórnarsýsla kynning/námskeið, Holtamannafréttur fundur, Oddviti prókúra að reikningum Ásahrepps, Stöðuleyfi f. hús í Nýjadal.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Fulltrúar E-listans benda á að oddviti hafi ekki sent fundarboð í tölvupósti sbr. samþykktir Ásahrepps. Einnig gera fulltrúar E-listans athugasemd við að tillögur að dagskrárlið sbr. tölvupóstur sendur þann 21.06 kl.9.12 með lögmætum hætti á oddvita, er ekki inni sem dagskrárliðir (27. gr. sveitarstj.laga) og óskað eftir að það verði leiðrétt.

Samþykkt með 5 atkvæðum að bæta þessum 5 liðum inn á sem dagskrárlið.

L-listinn bendir á að þessir 5 liðir hafi verið inn á dagskrá undir liðnum – erindi.

Dagskrá

1. Auglýsing eftir sveitarstjóra

Samþykkt að taka tilboði Hagvangs í ráðningu sveitarstjóra. Heildarkostnaður er kr. 495.000 án vsk (sbr. meðfylgjandi fylgiskjal.). Starfshlutfall sveitarstjóra talið vera 50 – 60%. Gerð er krafa um mannleg samskipti og reynslu af sveitarstjórnarstörfum.

Oddvita falið að vinna málið áfram. Samþykkt með 5 atkvæðum.

Bókun: E-listinn leggur til að sveitarstjórinn hafi reynslu af opinberri stjórnarsýslu og menntun sem nýtist í starfi.

Bókun: L-listinn leggur til að umsækjandi um sveitarstjórastöðu hafi að auki háskólamenntun sem nýtist í starfi.

2. 1.E- listi óskar eftir að ábending til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins sent 20.06.2018 verði tekin til kynningar á 2. fundi hreppsnefndar. Fylgiskjal fylgir í póstinum.

Bókun: Fulltrúar E-listans fara fram á að ábending/kvörtun til Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytis verði fylgigagn og birt með fundargerð.

3. 2.E-listinn leggur til að stjórn Odda bs. stofni fræðslunefnd í samræmi við 8. gr. Odda bs. og að nefndin verði samsett af fulltrúum af listum meiri- og minnihluta aðild arsveitar-félaga byggðasamlagsins.

Afgreiðsla: Lagt fram til kynningar. Bent er á að hafa ofangreint til hliðsjónar þegar samþykktir Odda bs. verða endurskoðaðar.

Bókun: E-listi: Óskar eftir að samþykktir verði teknar upp sem allra fyrst og óskar eftir að fá að hafa áheyrnarfulltrúa á fundum Odda bs. fram að endurskoðun samþykta.

4. 3.E

listinn leggur til að samþykktir um stjórn og fundarsköp Ásahrepps verði endurskoðaðar þar sem ekki er lengur um persónukjör að ræða.

Afgreiðsla: Fyrir liggur að breyta þarf samþykktum Ásahrepps en vinna verður slíka tillögu að breytingum vel – helst að öll þau atriði liggi fyrir sem breyta á, því taka verður tvær umræður áður en breyting tekur gildi eftir auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Samþykkt að fara í þessa vinnu sem fyrst. Samþykkt með 5 atkvæðum

5. 4.E- listinn leggur til að endurskoðaðir verði samningur við Rangárþing ytra vegna breyttrar stjórn sýslu í Ásahreppi. Tryggja þarf að meiri- og minnihlutar beggja sveitarfélaganna eigi fulltrúa í stjórnnum.

Bókun L-lista. Það er við annað sveitarfélag að ræða og ekki sjálfsagt að stjórnarsýsla verði einfaldari með allar stjórnir mjög fjölmennar. Nauðsynlegt er að koma trausti á milli aðila og vinna saman að hagsmunum sveitarfélagsins.

Bókun fulltrúa E-lista er að til að traust myndist þarf aðild fulltrúa beggja lista að liggja fyrir.

6. 5.E- listinn leggur til að farið verði í útboð eða gerð verðkönnun vegna endurnýjunar á samningi við Landsvirkjun varðandi samkomulag um endurreisn gróðurlendis vegna Sporðöldulóns 2017-2021

Bókun E-lista. Fulltrúar E-listans benda á að fela þarf ákveðnum aðila að dreifa áburði um endurreisn gróðurlendis vegna Sporðöldulóns sbr. 8. gr. um keðjuábyrgð og fleira í samningi frá 23.11.2017. Einnig benda fulltrúar E-lista á að samkvæmt reglum um innkaup Ásahrepps, 10. gr., þarf að gera formlega fyrirspurn um verð – önnur kjör og eiginleika sbr. 17. gr. um verðfyrirspurn, t.d. við verklegar framkvæmdir þegar kostnaður er á bilinu 1.000.000 til 15.000.000 króna.

Málinu frestað til næsta fundar.

7. Styrkumsóknir.

2.1. Blindrafélagðið: stuðningur til sjálfstæðis. Greiðsluseðill kr. 25.000.

Hafnað EG, GG, BJJ, ÁBÓ.

ÁG sat hjá.

2.2., *Ég undirritaður fyrir hönd Litlalands, Fákshóla, Laufás, Ásbrúar, Skógaráss, Áss, Hellatúns, Áskots, Ásmúla, Sauðholts, óska hér með eftir styrk allt að 4.000.000 kr til úrbóta á reiðvegum frá Litlalandi að Sauðholti, einnig er áætlað að nýta þennan styrk umbóta á reiðleið frá Skógarási til Ásmundarstaða ef leyfi landeigenda fæst.*

Guðmundur G. Gunnarsson, Litlalandi Ásahrepp

Hreppsnefnd tekur jákvætt í erindið og oddvita falið að óska eftir nánari úrvinnslu og skilgreiningu á verkinu.

8. Kosning í nefndir

Tónlistarskóli Rangæinga bs.

Leynileg kosning:

Aðalmaður: Brynja J. Jónasdóttir með 3 atkvæðum, Ágústa Guðmarsdóttir 2 atkvæði.

Oddviti stakk upp á Ágústu Guðmarsdóttur sem varamanni.

Varamaður: Ágústa Guðmarsdóttir 5 atkvæði.

Bókun E-lista. Fulltrúar E-lista gera athugasemd við að engar upplýsingar fylgja lið 8 fyrir fundinn.

9. Endurákvörðun um skipan í nefndir, stjórnir og ráð Ásahepps samanber dagskrárlið númer 5. á 1. fundi hreppsnefndar Ásahrepps dags. 18.06.2018.

Ásta B. Ólafsdóttir þakkar fyrir ábendingar vegna nefndarkjörs á 1. fundi hreppsnefndar. E- lista fulltrúum boðið að fá annan aðalfulltrúa Ásahrepps á auka aðalfund SASS sem haldinn verður í Vestmannaeyjum 27. júní.

Bókun E-lista. Fulltrúar E-lista lýsa yfir ánægju með að fulltrúa E-lista hafi verið boðið að koma sem aðalfulltrúa en gera athugasemd við að þessar upplýsingar lágu ekki fyrir fyrr en á þessum fundi.

Fulltrúar E-lista óska einnig eftir að frestað verði afgreiðslu 9. liðar þar til ráðuneyti samgöngu- og sveitarstjórnarmála hefur afgreitt ábendingu E-lista frá 1. fundi þann 18.06.2018. E-listi vill fá að bera undir sína fulltrúa hverjir koma til greina í þær nefndir sem honum eru úthlutaðar.

10. Greiðslur fyrir kjörna fulltrúa í hreppsnefnd Ásahrepps.

Lögð fram tillaga um að mánaðarlaun aðalmanna skuli vera sem nemur 8% af þingfarakaupi og laun varamanna 4% af þingfarakaupi fyrir hvern setinn fund. Akstur verði greiddur samkvæmt akstursdagbók eftir taxa RSK.

Samþykkt með 3 atkvæðum ÁBÓ, BJJ, GG. 2 sátu hjá EG, ÁG.

Laun oddvita og starfshlutfall verður ákveðið þegar ráðning sveitarstjóra liggur fyrir.

Bókun E-lista. Tillaga að oddviti lækki úr 25% starfshlutfalli í 15% vegna þess að byggðasamlögin greiða oddvita í nefndum á þeirra vegum. Einnig mæðir meira á efsta manni lista þegar listar eru komnir fram og ætti það að minnka álag á oddvita.

Endurútreikningur tekur breytingum miðað við launavísitölu Hagstofunnar og miðast við 1. nóvember ár hvert.

Afgreiðslu frestað

Bókun: Fulltrúar E-lista gera athugasemd við að engar upplýsingar liggi fyrir um breytingar á lið 10 fyrir fundinn.

11. Greiðslur fyrir kjörna fulltrúa í nefndum, stjórnnum og ráðum Ásahrepps.

Lögð fram tillaga um að laun fyrir formennsku í nefndum nemi 3% af þingfarakaupi og laun fyrir önnur nefndastörf nemi 2% af þingfarakaupi. Akstur verði greiddur samkvæmt akstursdagbók eftir taxa RSK.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Endurútreikningur tekur breytingum miðað við launavísitölu Hagstofunnar og miðast við 1. nóvember ár hvert.

Afgreiðslu frestað

Bókun: Fulltrúar E-lista gera athugasemd við að engar upplýsingar liggi fyrir um breytingar á lið 11 fyrir fundinn.

12. Greiðslur fyrir kjörstjórnarvinnu.

Lögð fram tillaga um laun fyrir formennsku í kjörstjórn kr. 5.169 pr. klst. og annarra kjörstjórnarfulltrúa kr. 3.245 pr. klst.

Endurútreikningur tekur breytingum miðað við launavísitölu Hagstofunnar og miðast við 1. nóvember ár hvert.

Afgreiðsla: Samþykkt með 5 atkvæðum

Bókun: Fulltrúar E-lista gera athugasemd við að engar upplýsingar liggi fyrir um breytingar á lið 12 fyrir fundinn.

13. Fundartími sveitarstjórnar.

Annar miðvikudagur í mánuði kl. 08:30

Sumarfrí í júlí en boðað til aukafundar ef ástæða er til.

Afgreiðsla: Samþykkt með 5 atkvæðum

14. Erindi.

14.1. **Ábending vegna Ásahrepps.**

Búið að taka málið til umræðu undir dagskrárlið nr. 2

14.2. **Laufás.**

Samkvæmt upplýsingum hreppsnefndar frá byggingarfulltrúa er málið komið í réttan farveg.

14.3. **Fréttablaðið.**

Oddvita falið að svara erindinu í samvinnu við KPMG en taka verður mið af lögum um persónuvernd.

14.4. **Skipulagsmál: Hellir**

Málið kynnt, ákveðið að vísa erindinu til skipulagsnefndar

14.5. **Kynning á votlendissjóðnum.**

Samþykkt að bjóða fulltrúum votlendissjóðsins á fund á haustdögum til að kynna verkefnið.

14.6. **SSL skírteini fyrir Ásahrepp.**

Til kynningar og oddvita falið að afla frekari upplýsinga

14.7. **Headsett v/ skrifstofu Ásahrepps.**

Samþykkt með 5 atkvæðum.

14.8. **Vatnsmál í Ásahreppi.**

Erindi frá Margréti og Rúnari í Vetleifsholti, varðandi lítinn þrýsting á köldu vatni.

Erindið kynnt. Samkvæmt upplýsingum frá Vatnsveitu Ásahrepps og Rangárbings ytra hefur þegar verið brugðist við vandamálinu.

- 14.9. **Tillögur fulltrúa E-lista** vegna fundar 2 í hreppsnefnd Ásahrepps.
Tillögur voru teknar fyrir í dagskrárliðum 3, 4, 5 og 6 hér að ofan
- 14.10. Menningarsalur: Uppreiknuð leiga
Samþykkt með 5 atkvæðum
- 14.11. Uppfært tilboð TRS
Samþykkt með 5 atkvæðum

15. Fundagerðir.

- 15.1 33. fundur Lunda 1. júní 2018
Samþykkt fyrir okkar leyti.
- 15.2. 158. fundur skipulagsnefndar dags. 14.06.18
Miðmundarholt 1-6: Ásahreppur: Breytt notkun lóða vegna rekstrarleyfis: Aðalskipulagsbreyting – 1804005
Lögð fram tillaga Eflu verkfræðistofu að breytingu á aðalskipulagi sem tekur til breyttrar notkunar lóðar þar sem heimiluð verði heimagisting í flokki II sbr. reglugerð 1277/2016, á íbúðarhúsnæði Í3, á Miðmundarholti í landi Króks í Ásahreppi. Svæðið er skilgreint sem íbúðasvæði í dag.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að skilmálum íbúðasvæðis Í3 verði breytt með tilvísan í reglugerð 1277/2016. Að mati nefndarinnar er um óverulega breytingu að ræða og mælir með að breytingin verði samþykki skv. 2. Mgr.36.gr skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki er talin þörf á að grenndarkynna.

Hreppsnefnd staðfestir bókun skipulagsnefndar

Miðmundarholt 1-6: Ásahreppur: Breytt notkun lóða vegna rekstrarleyfis: Deiliskipulagsbreyting – 1085050
Lögð er fram tillaga Eflu verkfræðistofu dags. 9.maí 2018 að breytingu á deiliskipulagi fyrir Miðmundarholt í Ásahreppi. Á hverri lóð verður heimilað að byggja allt að 250 m² íbúðarhús. Einnig verður heimilt að byggja annaðhvort allt að 500 m² skemmu eða 450m² skemmu og allt að 80m² gestahús. Heimiluð er gisting fyrir allt að 8 manns á hverri lóð.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við breytinguna og mælir með að sveitarstjórn samþykki hana samkvæmt 2.mgr. 43gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu.

Hreppsnefnd staðfestir bókun skipulagsnefndar

- 15.3. Afgreiðslur bygg.fulltrúa 18-80,dags. 30.05.18
Til kynningar.
- 15.4. Fundargerð 34. Fundar Bergrisans
Til kynningar.
- 15.5. Fundargerð aukaaðalfundar Bergrisans bs. 2018
Til kynningar.
- 15.6. Minnisblað vegna fundar með velferðarráðherra 2018

- Til kynningar
15.7. Skipulagsnefnd – 158 (leiðrétt fundargerð)

16. Til kynningar

- 16.1. Auglýsing um laust starf 28.03.18
16.2. Fullveldi Íslands 100 ára Viðburðir 20. – 27. júní
16.3. GDPR - Stuðningur við ný persónuverndarlög skref 1 af 4 í H3
16.4. Hrútur 2, Ásahreppi
16.5. KPMG-fræðsla fyrir sveitarfélög
16.6. Könnun á áhuga leiðbeinenda í leikskólum á Suðurlandi á námi
16.7. Ný heildarútgáfa Íslendingasagna og þátta
16.8. Suðurland ætlar sér Perlubíkarinn (1)

- 17. Ákveðið hefur verið að SASS og Samband íslenskra sveitarfélaga haldi fund fyrir kjörna fulltrúa í sveitarstjórnnum til kynningar á stjórnarsýslu sveitarfélaga. Fundurinn verður haldinn á Suðurlandi 15. ágúst nk. en gera má ráð fyrir að hann standi frá kl. 09:00 – 16:00. Vinsamlegast takið daginn frá og áframsendið póstinn til kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn.**

Oddviti bað nefndarmenn að taka 15. ágúst frá vegna fundarins.

- 18. Fundur Upprekstrarhafa Holtamanna á fimmtudagskvöld 28.06.2018 kl. 20:00 á Laugalandi.**
Oddviti sagði frá fundarboði.

- 19. Oddvita veitt heimild að prókúru af öllum reikningum sveitarfélagsins Ásahrepps.**
Samþykkt með 5 atkvæðum

- 20. Stöðuleyfi f. 2 smá hús í Nýjadal.**
Samþykkt að vísa erindinu til byggingarfulltrúa.

- 21. Næsti reglulegi fundur er 8. ágúst kl.08.30.**

Fundargerð yfirlésin og samþykkt. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:15

Ásta B. Ólafsdóttir (sign)

Elín Grétarsdóttir (sign)

Guðmundur Gíslason (sign)

Ágústa Guðmarsdóttir (sign)

Brynja Jóna Jónasdóttir (sign)

